

Sp.

99. Tillaga til þingsályktunar

[89. mál]

um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að kanna líkleg áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins. Bæði verði kannað, hver áhrifin muni verða á skólahaldið sjálf með aukinni tölvunotkun í skólum svo og hvaða kröfur tölvuvæðing í öllu athafna- og atvinnulífi gerir til skólakerfisins.

Nefndin reyni að meta í grófum dráttum, á hvaða sviðum þjóðlífsins tölvuvæðingin komi til með að hafa áhrif og í hvaða tímaröð þau áhrif muni koma fram. Bæði verði tekið tillit til þeirra, sem starfa munu með tölvum eða í tengslum við þær, og einnig til allra hinna, sem verða neytendur tölvuefnis.

Á grundvelli þessara athugana verði gerðar tillögur um, hvernig skólakerfið bregðist við þessum áhrifum og þeim kröfum, sem af þeim munu hljóta. Þess verði sérstaklega gætt, hver verði áhrif tölvuvæðingarinnar á almenna grunnenntun.

Greinargerð.

Fyrirsjáanlegt er að notkun tölva muni vaxa mjög hratt á næstu árum og áratugum hér á landi, eins og raun hefur verið í öðrum löndum. Við erum nú nokkuð á eftir þeim þjóðum sem lengst eru komnar í þessum efnum, en þó ekki svo langt á eftir að við eigum þess ekki kost að fylgjast með þróun annars staðar og laga hana að þörfum okkar og aðstæðum. Þótt sjá megi fyrir öran vöxt tölvunotkunar, verður að sjálfsögðu litlu spád um nákvæmstu atriði þessa vaxtar. Því er mikil og brýn nauðsyn að draga saman það, sem þó verður séð fyrir, og draga af því ályktanir um nauðsynleg viðbrögð.

Það er greinilegt að tölvuvæðing mun taka til mikils hluta athafna- og atvinnulífs landsmanna. Augljósast er þetta á sviði þjónustu og viðskipta og á þeim sviðum framleiðslu, þar sem nákvæmni í starfrækslu eða stjórnun skiptir mestu máli, svo sem í tæknivæddum iðnaði eða umfangsmiklum úrvinnsluiðnaði. Við slíkar greinar starfar verulegur hluti landsmanna. Er því ljóst að það verður í framtíðinni nauðsynlegur þáttur í nokkuð almennri starffærni manna að kunna viðeigandi skil á tölvunotkun. En sé horft til þess, að allir landsmenn eru neytendur alls konar þjónustu, er jafnframt ljóst að mikil þörf er almennrar fræðslu um tölvur. Það eykur enn nauðsynina á almennri fræðslu og almenningsfræðslu um tölvur og tölvumál, að tölvuvæðing veldur verulegri röskun á hefðbundnum eða viðteknum starfsháttum. Almenn fræðsla virðist eðlilegasta og nánast eina leiðin til þess að gera landsmönnum í senn kleift að fylgjast með í breytingunum og umbera erfiðleikana sem af þeim hljóta, jafnframt því sem mönnum verði gert unnt að nýta þá miklu og jákvæðu möguleika sem þessi tækninýjung getur haft í för með sér.